

Aðalfundur Keflavíkur
íþróttá- og ungmennafélags
2024

Skýrsla og reikningar



Þriðjudaginn 18. febrúar kl. 19:00



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá	4
1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2024-2025	5
1.1 Aðalstjórn, verkaskipting	5
2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar	5
2.1 Ritnefnd	5
2.2 Laganefnd	5
2.3 Húsnefnd	5
2.4 Innra starf félagsins	5
3.0 Störf aðalstjórnar	6
3.1 Frá síðasta aðalfundi	6
3.2 Stjórnarfundir	6
3.3 Af störfum aðalstjórnar	6
3.4 Viðurkenningar veittar á aðalfundum deilda	7
3.5 Umfang deilda Keflavíkur	7
3.6 Útgáfumál	8
3.7 Framkvæmdastjóri	8
3.8 Fjármála- og skrifstofustjóri	8
3.9 Íþróttastjóri	8
4.0 Félagsheimili Keflavíkur	8
5.0 Samskiptaráðgjafi í íþróttta- og æskulýðsstarfi	8
6.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ	9
7.0 UMFÍ og svæðisskrifstofur	9
8.0 Lokaorð	9
9.0 Íþróttakarli- og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2024	11
9.1 Íþróttakona Keflavíkur 2024	11
9.2 Íþróttakarli Keflavíkur 2024	11
9.3 Íþróttakarli- og kona deilda Keflavíkur 2024	11
9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2024	12
10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2023	12
11.0 Starfsmerki	13
11.1 Gullmerki	13
11.2 Silfurmerki	13
11.3 Bronsmerki	15
12.0 Heiðursmerki, íþróttamenn Keflavíkur, starfsbikar og starfsmerki UMFÍ	17
12.1 Gullheiðursmerki	17
12.2 Silfurheiðursmerki	18
12.3 Íþróttamenn Keflavíkur 1995 – 2012	19
12.4 Íþróttakarli- og kona Keflavíkur 2013 - 2024	19
13.5 Starfsbikar Keflavíkur	19



KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

Ársskýrsla 2024

12.6 Gullmerki UMFÍ	20
12.7 Starfsmerki UMFÍ	20
13.0 Ársreikningur Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.....	21
Áritun reikninga	22
Rekstrarreikningur 2024	23
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	24
Sundurliðanir með ársreikningi 2024.....	25
Sundurliðanir með ársreikningi 2024 frh.	26
Endurmatsskýrsla eigna 2024.....	27
Samstæðureikningur félagsins 2024.....	28
Skýringar með ársreikningi.....	29
Fjárhagsáætlun 2025	30



Aðalfundur 18. febrúar 2025 haldinn í
félagsheimili Keflavíkur Sunnubraut 34
kl. 19:00

Dagskrá

1. Fundarsetning.
2.
 - a) Kosinn fundarstjóri.
 - b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5.
 - a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
 - b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Ávörp gesta.
7. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
8. Lagabreytingar

Viðurkenningar

9. Kaffi hlé.
10. Kosinn formaður til eins árs.
11. Kosnir 2 menn í stjórn til tveggja ára.
12. Kosnir 3 menn í varastjórn til eins árs.
13. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
14. Kosning fastra nefnda er aðalfundur ákveður.
15. Ákveðið félagsgjald.
16. Önnur mál.
17. Fundarslit.



1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2024-2025

1.1 Aðalstjórn, verkaskipting

Björg Hafsteinsdóttir	formaður
Sveinbjörg Sigurðardóttir	varaformaður
Garðar Newman	gjaldkeri
Eva Björk Sveinsdóttir	ritari
Jónína Steinunn Helgadóttir	meðstjórnandi
Garðar Örn Arnarsson	varastjórn
Stefán Guðjónsson	varastjórn
Próstur Leo Jóhannsson	varastjórn



Aðalstjórn 2023-2024

Efri röð frá vinstri

Garðar Örn, Birgir Már, Garðar Newman og Björg Hafsteins

neðri röð frá vinstri

Eva Björk, Einar Haralds, Jónína Steinunn og Sigurbjörg Sigurðar

2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar

2.1 Ritnefnd

Framkvæmdarstjóri og íþróttastjóri félagsins sáu um útgáfumálin.

Markmið: Miðla upplýsingum um störf deilda og félagið og útgáfu á jólablaði félagsins.

2.2 Laganefnd

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið: Viðhalda lögum félagsins.

2.3 Húsnefnd

Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir.

Markmið: Huga að félagsheimili Keflavíkur.

2.4 Innra starf félagsins

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið: Efla innra starf félagsins, hafa yfirumsjón með rekstri deilda félagsins og kynna starfið fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar og Keflvíkingum.



3.0 Störf aðalstjórnar

3.1 Frá síðasta aðalfundi

Í byrjun árs 2024 urðu töluverðar breytingar á stjórnarskipan Aðalstjórnar. Einar Haraldsson lét af störfum sem formaður og framkvæmdarstjóri félagsins eftir langa og farsæla veru og var Björg Hafsteinsdóttir kosin í hans stað. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn:

Björg Hafsteinsdóttir, formaður

Garðar Newman og Eva Björk Sveinsdóttir kosin til tveggja ára.

Stefán Guðjónsson, Garðar Örn Arnarsson og Þröstur Leo Jóhannsson voru kjörnir varamenn til eins árs.

Sveinbjörg Sigurðardóttir og Jónína S Helgadóttir voru kosnar til tveggja ára 2023 og eru því að ljúka seinna árinu.

Starfsbikar félagsins var veittur: Kristjáni Jóhannssyni

Gullheiðursmerki Keflavíkur veitt: Einari Haraldssyni

Silfurheiðursmerki Keflavíkur veitt: Helga Rafn Guðmundssyni

Starfsmerki UMFÍ var veitt þeim: Björgu Hafsteinsdóttur, Davíð Erni Óskarssyni, Evu Björk Sveinsdóttur, Jónínu Steinunni Helgadóttur, Ragnhildi H Ingólfssdóttur og Sveinbjörgu Sigurðardóttur.



Gullheiðursmerki Keflavíkur
Einar Haraldsson og
Birgir Már Bragason

3.2 Stjórnarfundir

Alls voru haldnir 17 stjórnarfundir á árinu 2024. Einnig fór fram fjöldi funda með deildum, ráðum og einstaklingum auk þess koma stundum gestir á fundi til að kynna ákveðin málefni og ræða við aðalstjórn. Fastur fundartími aðalstjórnar er annan hvern þriðjudag frá 17.00 – 19:00 og eru þeir opnir deildum félagsins. Góður starfsandi er í stjórninni og umræður líflegar og skemmtilegar.



Silfurheiðursmerki Keflavíkur
Helgi Rafn Guðmundsson og
Einar Haraldsson

3.3 Af störfum aðalstjórnar

Í byrjun árs opnaði Litla Sporthúsið aftan við B-salinn. Þar lögðu margir hönd á plóginn og vil ég fyrir hönd aðalstjórnar þakka þeim kærlega fyrir þeirra framlag. Salurinn er vel nýttur og einn sá flottasti á landinu.

Þorralót Keflavíkur er alltaf á sínum stað og þar koma saman rúmlega 800 Keflvíkingar til þess eins að borða góðan mat og skemmta sér í góðra vinahópi.

Keflavík hélt Litahlaup þann 15.júní í tilefni af 30 ára afmæli Reykjanesbæjar. Viðburðurinn tókst mjög vel og er kominn til að vera.

Í fyrsta skipti í mörg ár náðust samningar á milli deilda með einn æfingagalla/utanyfirbúning þar sem iðkendur og stuðningsmenn geta eignast félagsbúning og verið öll eins hvort sem er innan eða utan vallar. Samningurinn er við Sport 24 og er búningurinn að sjálfsögðu dökkblár frá Adidas. Aðalstjórn félagsins er afar glöð yfir að þessi samningur er í höfn og mun hann setja skemmtilegan heildarsvip á félagið sem foreldrar hafa verið að kalla mikið eftir.

Á haustmánuðum hófst “Frísk til framtíðar” sem er heilsuefning ætluð 60 ára og eldri. Námskeiðið er haldið tvisvar sinnum í viku og eru þáttakendur orðnir um 60 talsins. Við í Keflavík erum mjög stolt af þessu verkefni og glöð að sjá hvað margir 60 ára og eldri er annt um heilsuna sína.

Á árinu voru gerðar þær breytingar að Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag er ekki lengur með beina aðild að UMFÍ heldur er bandalagið okkar, ÍRB komið með beina aðild að UMFÍ eins og flest öll bandalög á Íslandi. Einnig opnuðu UMFÍ og ÍSÍ í sameiningu 8 svæðisskrifstofur víðsvegar um landið. Með opnun þessara svæðisskrifstofa breyttu ÍSÍ og UMFÍ úthlutunarreglum sínum til aðildarbandalaga sem verður til þess að lottó greiðslur dragast saman og verður það til þess að Keflavík verður af töluverðum tekjum á árs grundvelli. Félagðið hefur notað þessar tekjur til að greiða eitt stöðugildi á skrifstofu félagsins. Með þessum breytingum mun félagið vera í mun minni samskiptum við UMFÍ en þau samskipti munu að öllu færast yfir til ÍRB. Það er því á ábyrgð ÍRB að kynna starfsemi UMFÍ og alla þá viðburði sem eru á þeirra



vegum eins og allt í kringum landsmótin, sækja þing UMFÍ og ÍSÍ svo eitthvað sé nefnt. Við munum samt sem áður hvetja okkar aðila að sækja alla þá viðburði sem eru á vegum UMFÍ. Á árinu hefur starfsfólk félagsins verið duglegt að heimsækja önnur íþróttafélög á landinu til að fræðast um þeirra starfsemi og rekstur. Á næstu misserum verða breyttar áherslur um ýmsa verkferla er snúa að rekstri félagsins. ÍSÍ hélt fjármála ráðstefnu þar sem farið var yfir slíkar breytingar. Við sem félag viljum að sjálfsögðu taka þátt í þessari stefnumótun og vera öðrum til eftirbreytni. Ætlunin er að innan 2-3ja ára verði Keflavík komið á þann stað sem við viljum hafa félagið á er varðar slíkar breytingar. Stjórn og starfsfólk félagsins hefur lagt sig fram um að hafa gott samstarf við Reykjanesbæ og starfsfólk Blue-hallarinnar. Okkur er mikið í mun að halda því samstarfi góðu. Samstarfssamningar við Reykjanesbær voru endurnýjaðir en með honum kemur fjármagn til að halda úti stöðugildi fjármálastjóra og íþróttastjóra. Umfang og starfsemi félagsins er orðin mjög mikið og nú er svo komið að við þurfum nýtt stöðugildi í viðburðar- og markaðsstjóra. Breytingar á rekstri og tilkoma samfélagsmiðla eru ástæða þess að sú staða er nauðsynleg. Öll þau félög sem við höfum verið að heimsækja eru með 5-8 stöðugildi sem styrkt er af sveitarfélögum þeirra. Miðað við hvað önnur sveitarfélög eru að gera þá er ekki von að við veltum fyrir okkur hvernig við eigum að vera samkeppnishæf öðrum félögum. Nú þegar erum við með tvö stöðugildi sem eru greidd af Reykjanesbæ og hafa þessi stöðugildi heldur betur borgað sig. Við getum fylgst betur með og aðstoðað deildirnar okkar í innheimtu og utanumhald æfingagjalda, þar sem við erum við að skora hæðst í abler á öllu landinu með 89,63% innheimtu. Einnig er mun betra utanumhald og yfirsýn yfir bókhald deildanna. Betur má ef duga skal. Keflavík er að velta tæpum 900 milljónum á ári og það er eiginlega ótrúlegt að ekki séu fleiri stöðugildi styrkt frá sveitarfélaginu heldur er þetta mikið til ennþá í höndum a sjálboðaliðum.

3.4 Viðurkenningar veittar á aðalfundum deilda

Gullmerki fyrir fimmtán ára stjórnarsetu:

Stefanía Kristjánsdóttir, Badmintondeild

Silfurmerki fyrir tíu ára stjórnarsetu:

Davíð Örn Óskarsson, rafíþróttta- og körfuknattleiksdeild

Ragnhildur H Ingólfssdóttir, BUR knattspyrnudeild,

Björg Hafsteinsdóttir, aðalstjórn

Jónína Steinunn Helgadóttir, aðalstjórn

Sveinbjörg Sigurðardóttir, aðalstjórn

Bronsmerki fyrir fimmtán ára stjórnarsetu:

Ólafur Örvar Ólafsson, körfuknattleiksdeild

Garðar Newman, aðalstjórn



Starfsmerki UMFÍ 2023

Björg Hafsteinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir,
Sveinbjörg Sigurðardóttir og Ragnhildur H
Ingólfssdóttir ásamt fulltrúa UMFÍ

3.5 Umfang deilda Keflavíkur

Aðalstjórn er ábyrg fyrir skuldum deilda sinna skv. 3. gr. reglugerðar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar. Innan Keflavíkur eru starfandi níu deildir. Deildir félagsins eru misstórar og rekstur þeirra misjafn. Deildir hafa lokið sínum aðalfundum og það má segja að þeir sjálfbóðaliðar sem þar eru í stjórnun hafa gert kraftaverk. Allar deildir félagsins skila hagnaði og er það merki um ábyrga stjórnun og fagmennsku og erum við afar stolt af okkar stjórnarfólki. Það má ekki gleyma því að það er alltaf að verða erfiðara og erfiðara að fá fólk í stjórnir. Umfang íþróttanna innan Keflavíkur er gríðalegt. Á árinu 2024 voru haldnir rúmlega 2300 viðburðir/leikir í yngri flokkum, rúmlega 10 þúsund æfingar og við erum með rúmlega 90 þjálfara. Að auki varð um 25% aukning á iðkendum hjá félaginu hjá 18 ára og yngri og erum við með um 3000 iðkendur. Þessu er öllu stýrt í sjálfbóðaliða starfi



3.6 Útgáfumál

Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomu blaðsins. Aðalstjórn ákvað að breyta aðeins til og fækkaði prentuðum eintökum og ákvað gefa blaðið út í rafrænu formi. Almennt séð voru allir ánægðir með þessar breytingar. Blaðið var líka með breyttu sniði. Aðalstjórn fékk þá Eyþór Sæmundsson og Þorstein Kristinsson til að taka að sér útgáfu blaðsins sem og þeir gerður einstaklega vel. Blaðið er fullt af viðtölum við ýmsa aðila úr öllum deildum félagsins. Forsíðuna prýða þær Helen María Margeirsdóttir og Margrét Júlía Jóhannsdóttir Evrópuverðlaunahafar í fimleikum. Heimasíða félagsins geymir líka upplýsingar um ýmsa viðburði félagsins, stjórnir og starfsfólk þess. Heimasíðan er aðeins komin til ára sinna og þarf að fara að huga að breytingum á henni. Félagið heldur líka einnig úti facebökk síðu og er á instagram. Umsjónarmaður með þessu öllu er íþróttastjórinn Hjördís Baldursdóttir. Slóð heimasíðunnar er: <http://www.keflavik.is>
Rafrænn póstur til félagsins er keflavik@keflavik.is.



Jólablað Keflavíkur 2024

3.7 Framkvæmdastjóri

Birgir Már Bragason hóf störf sem framkvæmdastjóri Keflavíkur í apríl sl. og bjóðum við hann velkominn til starfa. Birgir er vel kunnugur félaginu og störfum innan þess. Hann hefur setið í stjórnnum körfuknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar ásamt því að hafa setið í Aðalstjórn frá árinu 2014.



3.8 Fjármála- og skrifstofustjóri

Guðbjörg Björnsdóttir hefur gengt því starfi sl ár. Nú verður allt bókhald og launakeyrlur færðar á skrifstofu félagsins.



Guðbjörg Björnsdóttir
Fjármála- og skrifstofustjóri

3.9 Íþróttastjóri

Hjördís Baldursdóttir hefur verið íþróttastjóri félagsins sl 5 ár



Hjördís Baldursdóttir
Íþróttastjóri

4.0 Félagsheimili Keflavíkur

Stjórnir, deildir og iðkendur hafa 3 sali til afnota auk fundarsalar sem tekinn var í notkun á sl. ári. Á árinu voru gerðar endurbætur á VIP salnum þar sem félagið keypti ný borð og stóla ásamt því að setja nýtt og betra hjóðkerfi í salinn. Einnig er félagið búíð að gera endurbætur á sölum og anddyri íþróttahússins. Ennþá er Holtaskóli með afnot að stóra salnum þar sem um 250 börn borða hádegismat frá Skólamat á hverjum degi. Þegar Holtaskóli fær svo sitt eigið húsnæði aftur þá þarf að endurnýja borð, stóla og gardínur í sölunum tveimur þar sem það er farið að láta verulega á sjá. Salirnir og fundarherbergið eru mjög vel nýtt af deildum félagsins



Preksalur Keflavíkur

5.0 Samskiptaráðgjafi í íþróttta- og æskulýðsstarfi

Samskiptaráðgjafi íþróttta- og æskulýðsstarfs tók til starfa eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið setti lög um embættið. Embættið er alfarið á forræði ráðuneytisins og því óháð starfsemi íþróttta- og æskulýðshreyfingarinnar.



Samskiptaráðgjafi hefur það markmið að auka öryggi í íþróttá- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Markmiðið er að allir geti tekið virkan þátt á sínum vettvangi og jafnframt leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem hafa átt sér stað án þess að óttast afleiðingar.

Ekki er innheimt gjald af þjónustu samskiptaráðgjafa í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti í sínu íþróttá- og æskulýðsstarfi eða eru ekki vissir og vilja fá ráðgjöf varðandi slík mál, geta haft samband við Sigurbjörgu í síma 839-9100 eða sent henni tölvupóst á sigurbjorg@dmg.is

Heimasíðan er <https://www.samskiptaradgjafi.is/>

6.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Keflavík, íþróttá- og ungmennafélag er fyrirmyndarfélag ÍSÍ en slík viðurkenning er veitt til fjögurra ára í senn. Handbókin var endurnýjuð fyrir 2 árum og því er endurnýjun næst árið 2026. Við erum afar stolt yfir að vera fyrirmyndar félag og vorum við fyrsta félagið til að hljóta þá nafnbót.

7.0 UMFÍ og svæðisskrifstofur

UMFÍ og ÍSÍ hafa skipt landinu upp í 8 íþróttahéruð og sett á laggirnar eina svæðisskrifstofu í hverju héraði þar sem starfa tveir starfsmenn.

Hlutverk svæðisstöðva íþróttahéraðanna er að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og stuðla þannig að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu hreyfingarinnar. Á okkar svæði voru þau Sigurður Friðrik Gunnarsson og Petra Ruth Rúnarsdóttir ráðin og höfum við átt mjög gott samstarf með þeim.

8.0 Lokaorð

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld og vonast áfram eftir löngu og farsælu samstarfi við Reykjanesbæ. Eins og kemur fram í heimildarmyndinni um grindavík sem var sýnt á stöð 2 sport og er eftir okkar besta mann Garðar Örn kemur augljóslega fram hvað íþróttir eru mikilvægur hlekkur í öllum samfélögum. Íþróttir þjappa fólki saman á bak við sitt félag, sitt lið. Þá skiptir engu máli hvaðan þú kemur á meðan þú klæðist búningi félagsins. Í fyrra þegar Keflavík spilaði til úrslita í bikarkeppni KKÍ með bæði karla og kvenna liðin þá var ekki talað um annað í sveitarfélaginu en körfubolta. Svo þegar bikartitlarnir voru í höfn þá voru allir Keflvíkingar að springa úr stolti. Þegar úrslitakeppnin var í gangi þá voru allir að pósta myndum af sér á leikjum og stemningin í bæjarfélaginu var stórkostleg. Sama hvar þú komst það voru allir að tala um körfubolta. Það vildu allir vera með og meiri segja þegar bæjarpólitikusan fengu ekki góð sæti á leikjum þá urðu þeir reiðir. Svona var áhuginn mikill. Sama má segja um þegar meistaraflokkur karla í knattspyrnu var að keppa um sæti í bestu deildinni. Á þessum stundum kalla allir Reykjanesbæ „Reykjanesbær Íþróttabær“. Ekki má heldur gleyma öllum íþróttaviðburðunum sem félagið og deildirnar halda í bæjarfélaginu. Þorrablót, Nettómót, Geo Silica mótið, litahlaupið, herra og konukvöld, fimleikamótin, sundmótin. Allt þetta trekkir að fólk allsstaðar af landinu. Á þessi mót og þessa viðburði koma fleiri hundruði manna og bærinn blómstrar á meðan. Reykjanesbær er því íþróttabær allt árið um kring. Það eru ekki mörg sveitarfélög sem geta státað sig af Meistaraflokkum karla og kvenna á hæsta stigi bæði í knattspyrnu og körfu. Skotiðkendur, sundfólki og Taekwondo fólki í fremstu röð á landinu í sínum greinum. Einnig erum við með frábæra fimleikadeild þó svo deildin hafi aldrei verið með fullægandi aðstöðu í þau 40 ár sem hún hefur verið starfandi. Þetta er svo allt rekið meira og minna í sjálfbodastarfi.



Við erum þakklát fyrir allt það fólk sem lætur hlutina ganga upp, starfsfólkið, stjórnirnar, sjálfbóðaliðana og ekki síst íþróttafólkið okkar sem leggur mikið á sig í nafni félagsins. En það þarf að koma meira til. Keflavík er mjög mikilvægur samfélagslegur þáttur hér í bæjarfélaginu og hér þarf að halda vel á spöðunum. Við vitum öll um gildi hreyfingar fyrir börn og unglinga og þá forvörn sem íþróttaiðkun er. Við viljum horfa fram á við og uppfæra okkur inni nýja tíma. Mörg íslensk íþróttafélög eins og Keflavík eru á pari við íslensk stórfyrirtæki hvað varðar veltu og vörumerki íþróttafélaga eru mjög verðmæt. Við sem félag þurfum markvissara og faglegra markaðsstarf, því það gerir félagið eftrisóttara, íþróttafólk vill koma og keppa undir okkar merkjum, auðveldara að fá starfsfólk/sjálfbóðaliða og fyrirtæki vilja frekar styrkja. Þetta er ávinningur fyrir alla.

Við höldum full hjartsýni inni nýja tíma í þeirri von að aðstaða félagsins og deildanna verði bætt til muna sem allra fyrst. Þar er mikil þörf á.

Tvær af deildunum okkar eiga stórafmæli á þessu ári. Fimleikadeildin er 40 ára og Taekwondo deildin 25 ára. Við hjá Aðalstjórn óskum þeim innilega til hamingju með tímamótin.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem starfa fyrir félagið, sjálfbóðaliðum, styrktaraðilum, Reykjanesbæ og öðrum velunnurum fyrir þeirra framlag við að halda merki Keflavíkur á lofti. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Takk fyrir

Áfram Keflavík

*Björg Hafsteinsdóttir formaður
Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags*

9.0 Íþróttakarlar- og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2024



Íþróttakarlar og – kona Keflavíkur 2024
Jaka Brodrik og Thelma Dís Ágústsdóttir

9.1 Íþróttakona Keflavíkur 2024

Thelma Dís er lykilleikmaður í kvennaliði Keflavíkur sem varð bæði Bikar og Íslandsmeistari í Subway deild kvenna 2024. Hún kom tilbaka úr námi frá Bandaríkjunum árið 2023 þar sem hún vakti verðskuldaða athygli. Í lok tímabils var Thelma Dís valin í úrvalslíð deildarinnar ásamt því að vera valin körfuknattleikskona Íslands hjá KKÍ. Thelma Dís er ein besta skytta á landinu og nýlega jafnaði hún 20 ára gamalt met með því að skora 6 - 3ja stiga körfur í einum landsleik nú í nóvember. Thelma Dís var einnig kjörin íþróttakona Reykjanesbæjar.



9.2 Íþróttakarlar Keflavíkur 2024

Jaka Brodrik er framúrskarandi íþróttamaður og lykilpersóna í velgengni liðsins. Hann var ómissandi þáttur í að liðið varð bikarmeistari karla 2024 og sýndi einstaka frammistöðu í úrslitaleiknum, þar sem hann var verðskuldað valinn maður leiksins. Jaka sameinar óviðjafnanlegan árangur á vellinum við sterkan karakter, metnað og smitandi jákvæðni, sem gerir hann að ómetanlegri fyrirmynd fyrir liðsfélaga, yngri iðkendur og íþróttasamfélagið í heild. Með framlagi sínu hefur Jaka sett mark sitt á íþróttahúsið sem leiðtogi og innblástur..



9.3 Íþróttakarlar- og kona deilda Keflavíkur 2024

Knattspyrnukarlar: Ásgeir Orri Magnússon **Knattspyrnukona:** Krístrún Ýr Holm
Körfuknattleikskarlar: Jaka Brodrik **Körfuknattleikskona:** Thelma Dís Ágústsdóttir
Fimleikakona: Guðlaug Emma erlingsdóttir
Sundkarlar: Stefán Elías Berman **Sundkona:** Eva Margrét Falsdóttir
Taekwondokarlar: Jón Ágúst Jónsson **Taekwondokona:** Julia Marta Bator
Blakkarlar: Einar Snorrason **Blakkona:** Anastasia Drumea
Skotkarlar: Björgvin Sigurðsson



9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2024

76 Íslandsmeistarar KEFLAVÍKUR 2024

Karfa 35, Sunddeild 10, Taekwondo 26, Skotdeild 3 og Frjálsar 1

10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2023

Að þessu sinni er það Kristján Helgi Jóhannsson sem hlotnast sá heiður að fá starfsbikar Keflavíkur fyrir árið 2023. Gefandi er UMFÍ. Kristján hefur unnið mikla sjálfsboðaliðavinna fyrir deildir félagsins og er ávallt boðinn og búinn að koma og leggja félaginu eða deildum hjálparhönd. Er einn af þeim aðilum sem hafa haldið utan um þorablótið og gert það með miklum sóma. Því er það mikill fengur að hafa mann eins og Kristján innan okkar raða, en þar á félagið góðan mann að.



Starfsbikar Keflavíkur
Kristján Helgi Jóhannsson



11.0 Starfsmerki.

11.1 Gullmerki

Gullmerki Keflavíkur er veitt fyrir 15 ára stjórnarsetu.

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09

Einar Haraldsson Kári Gunnlaugsson	aðalstjórn aðalstjórn	Birgir Ingibergsson Jónas Þorsteinsson	aðalstjórn- sund badmintondeild
---------------------------------------	--------------------------	---	------------------------------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11

Sigurvín Guðfinnsson Þórður Magni Kjartansson	aðalstjórn aðalstjórn	Árni Pálsson	skotdeild
--	--------------------------	--------------	-----------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12

Guðjón Axelsson	aðalstjórn		
-----------------	------------	--	--

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13

Bjarney S. Snævarsdóttir	aðalstjórn		
--------------------------	------------	--	--

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14

Birgir Már Bragason Dagbjört Ýr Gylfadóttir	knattsp.- körfuknattleiksdeild badmintondeild	Sveinn Adólfsson	aðalstjórn
--	--	------------------	------------

Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '16

Þorsteinn Magnússon	knattspymudeild		
---------------------	-----------------	--	--

Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '17

Lilja Karlsdóttir	badmintondeild		
-------------------	----------------	--	--

Veitt á aðalfundi knattspyrnudeildar KEFLAVÍKUR '18

Hermann Helgason	knattspymudeild		
------------------	-----------------	--	--

Veitt á aðalfundi badmintondeildar KEFLAVÍKUR '19

Kristján Þór Karlsson	badmintondeild		
-----------------------	----------------	--	--

Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '20

Ólafur Birgir Bjarnason	knattspymudeild	Barni Sigurðsson	skotdeild
-------------------------	-----------------	------------------	-----------

Veitt á aðalfundi sunddeildar KEFLAVÍKUR '23

Falur Helgi Daðason	sunddeild		
---------------------	-----------	--	--

Veitt á aðalfundi badmintondeildar KEFLAVÍKUR '24

Stefanía S. Kristjánsdóttir	badmintondeild		
-----------------------------	----------------	--	--

11.2 Silfurmerki

Silfurmerki Keflavíkur er veitt fyrir 10 ára stjórnarsetu.

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '04

Einar Haraldsson Kári Gunnlaugsson	aðalstjórn aðalstjórn	Birgir Ingibergsson Jónas Þorsteinsson	aðalstjórn- sund badmintondeild
---------------------------------------	--------------------------	---	------------------------------------



Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05

Rúnar Amarson knattspymudeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06

Árni Pálsson skotdeild Sigurvin Guðfínnsson aðalstjórn
Sesselja Birgisdóttir badmintondeild Þórður M Kjartansson aðalstjórn

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07

Þorgrímur St. Ámason körfuknattleiksdeild Guðjón Axelsson aðalstjórn

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08

Birgir Már Bragason körfuknattleiksdeild Bjarney S. Snævarsdóttir aðalstjórn

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09

Sveinn Adólfsson aðalstjórn Grétar Ólason knattsp.- körfuknattleiksdeild
Guðsveinn Ólafur Gestsson körfuknattleiksdeild Dagbjört Ýr Gylfadóttir badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10

Lilja Dögg Karsdóttir badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11

Geir Gunnarsson skotdeild Hermann Helgason körfuknattleiksdeild
Þorsteinn Magnússon knattspymudeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12

Hjörleifur Stefánsson knattspymudeild Ólafur Birgir Bjarnason knattspymudeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13

Jón S. Ólafsson knattspymudeild Ásgeir S. Vagnsson skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14

Einar Helgi Aðalbjörnsson knattspymudeild Oddur Sæmundsson knattspymudeild
Kristján Þór Karlsson badmintondeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '15

Bjarni Sigurðsson skotdeild

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '16

Ásdís Júlíusdóttir badmintondeild Halldóra B. Guðmundsdóttir fimleikadeild
Júlíus Friðriksson sund- og fimleikadeild Hjördís Baldursdóttir knattspymudeild

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '17

Falur Helgi Daðason sunddeild

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '19

Guðmunda Róbertsdóttir sunddeild Stefanía S Kristjánsdóttir badmintondeild

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '20

Sigurþór Sævarsson sunddeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR '20

Eva Björk Sveinsdóttir fimleikar aðalstjórn

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '21

Guðný Magnúsdóttir sunddeild Blákonar Örn Jónsson sunddeild
Jónas Andrésson skotdeild



Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '22

Sigurgeir R. Jóhannsson Kristín Blöndal Smári Helgason	skotdeild körfuknattleiksdeild knattspyrnudeild/unglingar	Sigurður Gréta Grétarsson Elisabet Lovisa Björnsdóttir	körfuknattleiksdeild knattspyrnudeild/unglingar
--	---	---	--

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '23

Benedikta Benediktsdóttir Guðrún Jóna Árnadóttir	knattspyrnudeild blakdeild	Björgvin Magnússon Ragnar Franz Pálsson	knattspyrnudeild skotdeild
---	-------------------------------	--	-------------------------------

Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '24

Ragnhildur H. Ingólfssdóttir Björg Hafsteinsdóttir Sveinbjörg Sigurðardóttir	knattspyrnudeild/unglinga karfa kvenna/aðalstjórn fiml/aðalstjórn	Davíð Óskarsson Jónína Steinunn Helgadóttir	Körfuknatt/rafíþróttadeild fiml/aðalstjórn
--	---	--	---

11.3 Bronsmerki

Bronsmerki Keflavíkur er veitt fyrir 5 ára stjórnasetu.

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24.febrúar '99

Einar Haraldsson Kári Gunnlaugsson Birgir Ingibergsson Sigurvin Guðfinnsson Hildur Kristjánsdóttir Erla Sveinsdóttir Jóhanna Kr. Guðbjartsdóttir Gunnar H. Jóhannsson	aðalstjórn aðalstjórn aðalstjórn aðalstjórn aðalstjórn körfuknattleiksdeild körfuknattleiksdeild badmintondeild	Viðar Guðjónsson Jónas Þorsteinnsson Þorsteinn Þorsteinnsson Guðmundur Þórðarson Karítas Sigurvinsdóttir	badmintondeild badmintondeild badmintondeild Knattspyrnudeild fímleikadeild
--	--	--	---

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29.febrúar '00

Rúnar Amarson Páll Guðmundsson	knattspyrnudeild skotdeild	Guðmundur Brói Sigurðsson Bryndís Skúladóttir	íþróttir fyrir alla fímleikadeild
-----------------------------------	-------------------------------	--	--------------------------------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27.febrúar '01

Þórður Magni Kjartansson Grétar Ólason Þorgrímur St. Árnason Árni Pálsson	aðalstjórn knattspyrnudeild körfuknattleiksdeild skotdeild	Ingiber Óskarsson Ólafur Örn Ingibergsson Ólöf Sveinsdóttir Guðmundur Sighvatsson	keiludeild fímleikadeild fímleikadeild knattspyrnudeild
--	---	--	--

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 18.febrúar '02

Birgir Þór Runólfsson Jón B. Olsen	knattspyrnudeild knattspyrnudeild	Sigurbjörg Guðmundsdóttir Sesselja Birgisdóttir	fímleikadeild badmintondeild
---------------------------------------	--------------------------------------	--	---------------------------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25.febrúar '03

Guðjón Axelsson Þorsteinn Magnússon Birgir Már Bragason Guðrún Sigurðardóttir	aðalstjórn knattspyrnudeild körfuknattleiksdeild fímleikadeild	Bjarney S. Snævarsdóttir Halldór Þórólfsson Jón Ingiberg Kristjánsón Guðni Pálsson	sunddeild sunddeild badmintondeild skotdeild
--	---	---	---

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29.febrúar '04

Sveinn Adolffsson Guðsveinn Ólafur Gestsson	aðalstjórn körfuknattleiksdeild	Heimir Sigursveinsson Dagbjört Ýr Gylfadóttir	sunddeild badmintondeild
--	------------------------------------	--	-----------------------------

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05

Erlingur Hannesson Hrannar Hólm	Knattspyrnudeild körfuknattleiksdeild	Lilja Karlsdóttir Rúnar Georgsson	badmintondeild körfuknattleiksdeild
------------------------------------	--	--------------------------------------	--

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06

Einar Skaftason Gunnar Jóhannsson Hermann Helgason	körfuknattleiksdeild körfuknattleiksdeild körfuknattleiksdeild	Niels Hermannsson Árni Leifsson Geir Gunnarsson	sunddeild Skotdeild Skotdeild
--	--	---	-------------------------------------



Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07

Elin Kjartansdóttir	sunddeild	Ólafur Birgir Bjarnason	knattspymudeild
Klemenz Sæmundsson	sunddeild	Halldór Levi Björnsson	knattspymudeild
Sigríður Björnsdóttir	sunddeild	Hjörleifur Stefánsson	knattspymudeild
		Porsteinn Marteinsson	skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08

Jón S. Ólafsson	körfu-knattspymudeild	Jónína S. Helgadóttir	fimleikadeild
Særún Guðjónsdóttir	körfuknattleiksdeild	Ásgeir Svan	skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09

Oddur Sæmundsson	knattspymudeild	Guðmundur Jón Bjarnason	sunddeild
Einar H. Aðalbjörnsson	sund-knattspymudeild	Ingunn Gunnlaugsdóttir	badmintondeild
Eva Björk Sveinsdóttir	fimleikadeild	Kristján Þór Karlsson	badmintondeild
Herdís Halldórsdóttir	fimleikadeild	Eiríkur Ásgeirsson	skotdeild
Sveinbjörg Sigurðardóttir	fimleikadeild	Þóra Gunnarsdóttir	taekwondodeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10

Rannveig Ævarsdóttir	taekwondodeild	Júlíus Friðriksson	sunddeild
Sigrún Ómarsdóttir	taekwondodeild	Bjarni Sigurðsson	skotdeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11

Ásdís Júlíusdóttir	badmintondeild	Helga H. Snorradóttir	fimleikadeild
Halldóra B. Guðmundsdóttir	fimleikadeild	Hjördís Baldursdóttir	knattspymudeild

Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12

